

Evrusvæðið réttir úr kútnum

EVRAÐ



Óssur Skarphéðinsson
utanríkisráðherra

Fjárfestar eru á ný að öölast traust á evrusvæðinu. Nýleg könnun meðal tæplega átta hundruð fjárfesta sýndi að þeir telja nú evrusvæðið komið yfir það versta í efnahagserfiðleikum sínum. Það er í samræmi við æ fleiri teikn um að evrusvæðið sé að rétta úr kútnum. Skammtimatlour eru allar í rétta átt. Í upphafi árs lýsti Christine Lagarde, forstjóri AGS, því yfir að Portúgal væri komið á beinu brautina. Írland er á jákvæðri leið sem allir þekkja. Á Ítalíu er bankakerfið á mun traustari grunni en menn töldu. Traust forysta Marios Monti, fráfarandi forsætisráðherra, hefur komið fjörtá á skuldur ítaliska ríkisins. Þó hafa mest kaflaskil orðið í Grikklandsfárinu, sem misserum saman var notað til að spá kafsi glingu evrunnar. Annað varð uppi. Föst viðspyrna Grikkja með einbeittri liðsem Evrópusambandsins leiddi til að fyrir skömmu hækkuðu matsfyrirtæki lánhæfismat Grikklands um heila sex flokka. Nýasta hagspá Evrópusambandsins undirstrikar þetta með því að spá efnahagsbata á þessu og næsta ári. Duttu svo dauðar lýs úr hári margra þegar Morgunblaðið birti frétt um að nú sæi fyrir endann á erfiðleikum evrusvæðisins. Blaðið hefur þó með aðdáunarverðri reglusemi spáð yfirvofandi andlátí evrunnar – ef ekki á þessari viku, þá örugga lega hinni næstu.

Evrán hefur styrkst

Í kjölfar alþjóðlegu fjármála- kreppunnar, sem náið hámarki haustið 2008, stigu aðildarríki Evrópusambandsins harða glímu við margvislega erfiðleika. Þá mætti að nokkru rekja til inngróinna veikleika í reglu- og stofnanaumgjörð evrusvæðisins. Duldist þó fáum að stór hluti vandans lá í langvarandi agaleysi í opinberum fjármálum ýmissa evruríkja. Evrusvæðið hefur því fyrst og fremst glímt við ríkisfjármála- og bankakreppu í sumum aðildarríkjum. En evruríkin eiga hins vegar ekki við gjaldeyriseða gjaldmiðilskreppu að stríða.

Pannig hefur evran sem gjaldmiðill haldið styrk sínum á alþjóðlegum gjaldeyrismörkuðum frá því fjármála- kreppan skall á og löngu fyrr. Í lok ágúst síðastliðins, löngu eftir að kreppan hófst, var gengi hennar 6,5% hærra en gengi Bandaríkjadals. Það er verulega hærra en þau 4% sem evran

hefur að meðaltali verið sterkari en Bandaríkjadalur frá því hún kom í heiminni árið 1999. Frá upphafi evrusamstarfsins hefur Seðlabanka Evrópu jafnframt tekist í meginatriðum að halda verðbólgyrkmarkmiði sínu. Greiðslukerfi evrunnar hefur jafnan verið traust og engin fjármagnshöft burft á viðskipti með evrur frá því að fjármála- kreppan skall á.

Aðgerðir ESB

Í kjölfar fjármálakreppunnar hafa aðildarríki Evrópusambandsins, framkvæmdastjórnin og Seðlabanki Evrópu gripið til margvislegra aðgerða til að treysta regluverk sitt og styðja umgjörð efnahagsmála. Pannig hefur nú verið búið um eftirlit með fjárlagagerð aðildarríkjanna með hætti sem dregur úr líkum á því að ríkin samþykki óábyrg fjárlög. Þar er þó í engu tekiovald af bjóð- þingum aðildarríkjanna, sem munu taka lokaákvörðun um fjárlögini eins og verið hefur.

Samhliða hafa verið samþykkir reglugerðir sem treysta eftirlit með opinberum fjármálum og fela í sér að viðurlögum verði beitt ef viðmiði ríkisfjármálum verða ekki virt. Evruríkin hafa auk þess samþykkt þrenns konar sáttmála sem eiga að stuðla að aga í ríkisfjármálum, efla samkeppnishæfni og auka hagvöxt, fjárfestingar og atvinu. Jafnframt hefur verið komið á varanlegum stöðugleikasjóði, ESM, sem hefur það hlutverk að veita lán til ríkja í efnahagserfiðleikum. Sá sjóður fær heimild til að lána bónkum á evrusvæðinu beint, án þess að fara gegnum fjárlög viðkomandi ríkja. Pannig hækka ríkisskuldir ekki við lánveitingar til banka úr sjóðnum, og því ristur upp sá vítahringur sem lán aðildarríkjanna til bankakerfisins settu áður skuldastöðu viðkomandi ríkja í. Síðast en ekki síst náiðist samkomulag í desember síðastliðnum um stofnun sameiginlegs bankaeftrirlits á evrusvæðinu. Híð sameiginlega eftirlit verður framkvæmt af Seðlabanka Evrópu og mun ná til stærstu banka evrusvæðisins. Eftirlitið er liður í stofnun sérstaks bankabandalags, en það mun auk þess fela í sér sameiginlegt regluverk um skilaneftndir og uppgjör gjaldþrota og sameiginlegan innstæðutryggingasjóð.

Vöxtur og jákvæð teikn

Pessar einbeittu aðgerðir eru

→ **Með umsókn sinni um aðild að Evrópusambandinu og upptöku evru er því langt í frá að Ísland væri á leið í „brennandi hús“.**

begar farnar að hafa jákvæð áhrif. Í nýjustu hagspá Evrópusambandsins kemur fram að landsframleiðsla á evrusvæðinu muni aukast um 1,4% á næsta ári. Þar er um talsverðan viðsnúning að ræða frá síðasta ári, þegar landsframleiðslan á evrusvæðinu dróst saman um 0,4%. Spáin telur að hagvöxtur verði jákvæður í öllum evruríkjunum á næsta ári, nema Kýpur. Hún greinir frá því að eftirsprung sé þegar farin að aukast, samkeppnisstaða fyrirtækja hafi styrkst og útflutningur fari vaxandi, samhlíða auknum alþjóða- viðskiptum. Þá hafi dregið úr efnahagslegu ójafnvægi og fjármálakerfið búi við meiri stöðuglika og minni óvissu en áður.

Skýr afleidung þessarar jákvæðu þróunar hefur birst í því að skuldatryggingaálag flestra evruríkja hefur lækkað verulega að undanförnu. Pegar matsfyrirtækið Standard & Poor's hækkaði lánhæfismat Grikklands um heila sex flokka í desember síðastliðnum fylgdi með því að hækkinin væri til vitnis um góðan árangur grískra stjórnvalda við að innleiða nauðsynlegar efnahagsumbetur, sem og endurnýjað traust fjárfesta til evrusvæðisins.

Staða Íslands

Með umsókn sinni um aðild að Evrópusambandinu og upptöku evru er því langt í frá að Ísland væri á leið í „brennandi hús“. Þvert á móti hefur þátttaka Íslands í Efnahags- og myntbandalagi Evrópu með sameiginlegum gjaldmiðli aldrei verið brýnni en nú. Hún færir okkur aga, eftirlit og stuðning við hagstjórn sem við þurfum sárlæg að halda. Um leið fæst stöðugleiki í peningamálum, sem ætið hefur skort hér á landi. Þátttaka í myntbandalagi með sameiginlegum gjaldmiðli mun þar að auki færa með sér umtalsverðan efnahagslegan ávinnung í formi lægri vaxta, lægra verðlags og minni verðbólgu. Reynsla annarra smáþjóða sýnir að um leið munu fjárfestingar aukast samfara auknum útflutningi og hagvexti.

Hafi erfiðleikar á evrusvæðinu einhvern tíma verið rök gegn umsókn um aðild að Evrópusambandinu eru þau rök haldaus í dag.